

Einkenni verkefna

Flokka má verkefni í fimm mismunandi gerðir, þó að mörg verkefni séu samsett af fleiri en einni gerð:

1. Lausn á raunverulegu vandamáli: Verkefni þar sem nemendur vinna að því að leysa vandamál í samfélagi sínu eða annars staðar í heiminum svo sem að bjarga dýrum í útrýmingarhættu. Verkefni sem fellur undir þennan flokk er t.d. verkefnið *Að rétta hjálparhönd*.
2. Hönnunaráskorun: Verkefni þar sem nemendur vinna að því að hanna eitthvað ákveðið svo sem að endurhanna skólalóðina sína. Verkefnið *Hönnunaráskorun* er dæmi um svona verkefni.
3. Leit að svörum við óhlutbundnum spurningum: Verkefni þar sem nemendur leita svara við óhlutbundnum spurningum til dæmis um hvenær fólk verði fullorðið. Dæmi um verkefni af þessu tagi gæti verið verkefnið *Hollir valkostir = betra líf*.
4. Leiða rannsókn: Verkefni þar sem nemendur leiða rannsókn sem krefst gagnasöfnunar og greiningar svo sem að finna út hvernig klettur í nágrenninu komust þangað. Verkefnið *Máttur lýðræðis* gæti fallið undir þennan flokk.
5. Taka afstöðu um málefni: Verkefni sem krefst þess að nemendur taki afstöðu með eða á móti málefni svo sem hvort við höfum rétt á því að fanga og setja dýr í búr.

Gullverkefni eru gæðaverkefni:

- Til að fullvissa sig um að verkefnið mæti gæðakröfum um gullverkefni er gott fyrir kennara að fara yfir *Gátlista fyrir verkefni*.
- Áður en verkefnaferlið hefst er gott að nemendur lesi yfir og undirriti *Samkomulag um hópvinnu*.
- Nemendur fá upplýsingar um markmið með verkefni, hæfnipætti og lykilhæfni sem á að vinna með. Nemendur fá í hendur *Verkefnaáætlun* sem þeir fylla inn í skipulag og athugasemdir sínar varðandi verkefnið sitt.
- Á meðan á verkefni stendur hafa nemendur aðgang að *Rannsóknaráætlun nemenda* þar sem þeir hafa yfirlit yfir matsþætti, kennslu o.fl.
- Þegar líða tekur á verkefni fá nemendur *Skipulag fyrir kynningu* þar sem þeir útlista áhersluþætti fyrir kynningu.
- Í lok verkefnis fá nemendur *Sjálfsmat og ígrundun verkefnis* þar sem þeir meta og ígrunda verkefnavinnuna.

Verkefni eiga að vera opin og bjóða upp á sveigjanleika til að breyta um stefnu eftir því sem verkefnavinnan þróast. Segja má að verkefni séu í þróun allt verkefnaferlið og þurfa þess vegna að vera hæfilega mikið mótuð í upphafi. Gott er að styðjast við *verkefnasnið* við skipulagningu verkefnis. Tilbúin verkefnasnið sem tilheyra hugmyndabanka gefa hugmynd um hvernig skipulag verkefna getur litið út í upphafi verkefnavinnu.